

Föstudaginn 29. nóvember 1985.

Nr. 216/1982.

Ingibjörg Hafberg
Jón L. Guðnason
Barði Friðriksson
Gunnlaug Hannesdóttir
Jóhannes Leifsson
Bjarni Gunnarsson
Kristján Gunnarsson
Salome Gunnarsdóttir
Kristjana Gunnarsdóttir
Haraldur Gunnarsson og
dánarbú Steinþórs Sæmundssonar,
eigendur Borga

(Jóhann H. Niésson hrl.)

gegn

Guðmundi Halldórssyni,
eiganda Oddastaða
 (Sigurður Ólason hrl.),
og Landbúnaðarráðherra
f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins,
eiganda Laxárdals

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Landamerkjamá. Aðild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. nóvember 1982. Þeir krefjast þess aðallega, að landamerki milli jarðanna Borga og Oddastaða verði ákveðin bein lína frá Strokki (A) að hæstu Svörtubrún (B) og þaðan að mynni lækjar, þar sem hann fellur úr tjörn sunnan Stórhólmavatns (C) og þaðan að Stórhólmavatni við afrennslisós (D) ráði lækurinn. Til vara krefjast þeir, að merkin verði ákveðin bein lína frá punkti A um punkt B til D. Þá krefjast

áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda Guðmundar Halldórssonar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu segir, að landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins sé stefnt fyrir Hæstarétt til að halda uppi vörn og sæta dómi í málinu. Í kröfugerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti segir hins vegar, að þessum stefnda sé stefnt til réttargæslu, en ekki hafðar uppi aðrar kröfur á hendur honum.

Stefndi Guðmundur Halldórsson krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins krefst sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Steinþór Sæmundsson lést, eftir að málinu var áfrýjað, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins í hans stað.

Meðal gagna málsins er uppdráttur, sem Skúli Jóhannsson verkfræðingur hefur gert af umhverfi Stórhólmavatns. Eru markaðir á hann punktarnir A, B, C og D, sem sýna kröfulínur áfrýjenda, og punktarnir A, A1 og F1, sem sýna kröfulínu stefnda Guðmundar í héraði, en það er jafnframt dómlína héraðsdóms. Þar er einnig markaður punkturinn E á Hlíðarbungu, en stefndi Guðmundur telur merki milli Oddastaða og Laxárdals vera línu úr F1 í E.

Uppdráttur þessi var gerður að tilhlutan áfrýjenda.

Umboðsmaður áfrýjenda lýsti yfir því við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að umboð Eiríks Gíslasonar og Kjartans Eggertssonar til að undirrita landamerkjabréf Oddastaða væri ekki vefengt.

Með úrskurði Hæstaréttar 31. október sl. var málsaðiljum gefinn kostur á að afla skýrslna um eftirtalin atriði:

1. Hvort ágreiningur sé um landamerki milli Borga og Laxárdals og ef svo er, í hverju hann sé fólgin. Ef landamerkin eru ágreiningslaus, hver þau séu og þá sérstaklega hver séu landamerki frá því að Almannaorgargil sameinast Laxá allt þar til sameiginleg landamerki jarðanna þrýtur í suðri.

2. Hvort ágreiningur sé milli eigenda Laxárdals og Oddastaða um landamerki þeirra jarða og ef svo er, í hverju hann sé fólgin. Ef landamerki eru ágreiningslaus, tjái aðiljar sig sérstaklega um það, hvort þeim sé rétt lýst í landamerkjabréfi Oddastaða frá 2. ágúst 1889.

Af hálfu áfrýjenda hefur verið lögð fyrir Hæstarétt ódagsett yfirlýsing þar sem m.a. segir svo:

„Svar okkar eigenda Borga leikur ekki á tveim tungum. Við teljum, að austurmörk jarðarinnar Borga ákveðist af Laxá frá ósi við sjó fram að Kífilæk, þaðan ráði Kífilækur til upptaka og þaðan bein lína til suðurs rétt austan Stórhólmavatns til þess, er vötn falla til suðurs. Þetta sögðu fyrri eigendur og seljendur okkur að væru hin réttu mörk og þessar kröfur höfum við ávallt gert og höldum fast við sem hinar réttu.“

Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins 14. nóvember sl. segir svo:

„1) Sem svar við fyrri spurningunni sem fram kemur í úrskurði Hæstaréttar skal upplýst, að afstaða ráðuneytisins varðandi landamerki Laxárdals og Borga er sú, að þau ráðist af Laxá frá ósi við sjó að þeim stað, er Almannaborgargil fellur í Laxá. Þaðan ráði Almannaborgargil til upptaka við norðurenda Stórhólmavatns.

Vakin skal athygli á, að landbúnaðarráðherra gerðist ekki aðili að máli þessu fyrr en eftir mitt ár 1982. Stefnendur í héraði, eigendur Borga, höfðu þá þegar fallið frá öllum kröfum, sem voru andstæðar framangreindri afstöðu ráðuneytisins um landamerki jarðanna. Tílefni hefur því ekki gefist til umfjöllunar þessa þáttar málsins af hálfu ráðuneytisins.

2) Samkvæmt landamerkjabréfi Oddastaða dags. 2. apríl 1889 eru landamerki Laxárdals og Oddastaða „yfir Hlíðarbungu eins og vötnum hallar og sjónhending í Almannaborgargil, þar sem það fellur úr Stórhólmavatni.“ Ekki hafa fundist gögn, sem geta gefið vísbindingu um önnur landamerki en þessi. Tekið skal fram, að ofangreind merki hafa ekki gefið tílefni til ágreinings milli eigenda jarðanna. Hins vegar getur verið áhorfsmál, hvernig hornpunkturinn „Almannaborgargil þar sem það fellur úr Stórhólmavatni“ verður staðsettur með ítrustu nákvæmni. Um það hafa aðilar ekki samið sérstaklega, sem þó sýnist ástæða til.“

Umboðsmaður stefnda Guðmundar telur í bréfi sínu ...: „Kannski nægilegt að vitna í ráðuneytisbréfið 14. nóvember, en þar er báðum spurningunum svarað að verulegu leyti.“

Af þessum svörum verður ráðið, að ágreiningur er milli eigenda Borga og Laxárdals um merki þessara jarða. Þá er einnig ljóst, að

hugmyndir eigenda Borga um þessi merki fá ekki samrýmst niðurstöðu héraðsdóms í þessu máli. Væri því réttast að dæma um merki Borga og Laxárdals í sama máli og dæmt er um ágreininginn við eiganda Oddastaða. Þó hafa áfrýjendur ekki gert kröfur, sem leitt gætu til slíks dóms, en engu að síður stefnt eiganda Laxárdals til að þola dóm í málinu. Þegar það er haft í huga, þykir mega leggja efnisdóm á málið.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum gert að greiða stefnda eiganda Oddastaða 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og eiganda Laxárdals sömu fjárhæð.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, eigendur Borga, greiði stefnda eiganda Oddastaða 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og stefnda eiganda Laxárdals sömu fjárhæð einnig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Eins og rakið er í atkvæði meiri hluta dómara, er ágreiningur með eigendum Borga og Laxárdals um merki milli jarðanna. Eigandi Laxárdals telur merkin vera um Almannaborgargil, og í hinum áfrýjaða dómi virðist við það miðað. Eigendur Borga telja hins vegar, að merkin séu miklu austar eða um Kífilæk og síðan frá upptökum hans bein lína til suðurs, austan Stórhólmavatns að vatnaskilum. Sú merkjalína er að vísu ónákvæm, en engu að síður er ljóst samkvæmt þessu og kröfum þeirra um merki Borga og Oddastaða, að þeir telja allt eða a.m.k. mest allt Stórhólmavatn í landi Borga. Eigandi Laxárdals er hins vegar sammála eiganda Oddastaða um, að merkin milli þeirra jarða séu eins og greinir í landamerkjabréfi fyrir Oddastaði. Af þessum ástæðum þykir sýnt, að ágreiningi um landamerki milli Borga og Oddastaða verður ekki ráðið til lykta til hlítar nema jafnframt sé skorið úr ágreiningi um það, hvort Almannaborgargil ráði merkjum milli Borga og Laxár-

dals eða lína sú, sem eigendur Borga halda fram. Það hefur ekki verið gert í hinum áfrýjaða dómi. Tel ég þessar ástæður leiða til þess, að ekki verði hjá því komist að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ég tel rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Þessi úrlausn hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómara, og mun ég því greiða atkvæði um efni málsins, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna héraðsdóms er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómara að niðurstöðu til.

Dómur aukadómpings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 13. september 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. september 1982, var þingfest í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 2. september 1980. Skv. l. 18/1981 er málið fært úr landamerkjadómi í aukadóm.

Sóknaraðiljar eru eigendur jarðarinnar Borga í Skógarstrandarhreppi þeir: Steinþór Sæmundsson, Álfhólsvegi 54, Kópavogi, Ingibjörg Hafberg, Starhólma 2, Kópavogi, Jón L. Guðnason, Grettisgötu 58A, Reykjavík, Barði Friðriksson, Úthlíð 12, Reykjavík, Gunnlaug Hannesdóttir, Langholtsvegi 92, Reykjavík, Jóhannes Leifsson, Ljárskógum 26, Reykjavík, Bjarni Gunnarsson, Vésturbergi 52, Reykjavík, Kristján Gunnarsson, Írabakka 22, Salome Gunnarsdóttir, Reynimel 74, Reykjavík, Kristjana Gunnarsdóttir, Brúarflöt 2, Garðabæ, Haraldur Gunnarsson, s.st. og Hafsteinn Gunnarsson, Digranesvegi 14, Kópavogi.

Varnaraðili er Guðmundur Halldórsson, Syðri-Rauðamel í Kolbeinsstaðahreppi, eigandi Oddastaða.

Sóknaraðiljar hafa stefnt landbúnaðarráðherra f.h. jarðeignadeildar ríkisins sem eiganda jarðarinnar Laxárdals til að þola dóm í málinu í samræmi við kröfur sínar.

Endanlegar dómkröfur *sóknaraðilja* eru þessar:

Aðallega, að landamerki á milli Borga að norðan og Oddastaða að sunnan verði ákveðin með beinni línu frá Strokk (A) að hæstu Svörtubrún B) og þaðan að mynni lækjar þar sem hann féll úr tjörn sunnan Stórhólmavatns (C), og þaðan að Stórhólmavatni við afrennslisós (D) ráði lækurinn.


Til vara, að bein lína sé dregin frá A um punkt B til D.

Sóknaraðiljar krefjast málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Endanlegar kröfur *varnaraðilja* eru þessar:

Að merki milli Borga og Oddastaða séu úr Strokk (A) um punkt A' á Svörtubrún og þaðan í upptök Alamannaborgargils F'.

Þjálfing



Dómkráfur málsaðila:
 Borga: Aðalkrafa er A-B-C-D
 Varakrafa er A-B-D

Oddastaða krefur er A-F-E

Máli af löndum Borga, Oddastaða og Laxárdals
Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
6. júlí 1982 Skali Þómasson, veitli
Lina A' eil Flacogla 7.9.1982 að vilmurum
Sigurðar Pálssonar hrl. fómaldur í þessum
Félunum ur

Varnaraðili krefst þess, að sóknaraðiljar verði dæmdir til að greiða sér málskostnað.

Kröfufullnir þessar hafa verið færðar inn á uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dskj. nr. 40.

Af hálfu *landbúnaðarráðherra* vegna jarðeignadeildar ríkisins sem eiganda Laxárdals eru gerðar þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja og verði sóknaraðiljar þá dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Til vara er þess krafist, að þar sem og ef merki Borga og Oddastaða verði dæmd þannig, að þau liggja í eða að vatni, þ.e. straumvatni eða stöðuvatni, þá verði þau dæmd í samræmi við reglur II. kafla vatnalaga nr. 15/1923, þar sem merkin liggja að landi Laxárdals.

Krafa sóknaraðilja er byggð á því, að eftir því sem best sé vitað liggja mörk Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um vatnaskil á Rauðamelsheiði og því sunnan Stórhólmavatns. Hafi sóknaraðiljar alltaf litið svo á, að þeir ættu skýlausan rétt til veiði í Stórhólmavatni, og hafi þeir oft farið þangað til veiða. Landamerkjaskrá fyrir Borgir hafi ekki fundist. Hins vegar hafi komið fram landamerkjaskrá fyrir Oddastaði. Ekki verði þó á henni byggt, þar sem ósannað sé, að hún hafi verið undirrituð af hálfu Borga og Laxárdals af þeim, sem til þess voru bærir. Samkvæmt rétttri skýringu á efni þess landamerkjabréfs miðað við örnefni og staðhætti verði ekki um það deilt, að Borgir eigi land að Stórhólmavatni. Aðeins geti leikið vafi á því, hve stóran hluta af vatninu Borgir eigi. Einnig geti leikið vafi á því, milli hvaða jarða vatnið skiptist. Við úrlausn á þessu ágreiningsefni verði að fara eftir upplýsingum kunnugra manna, sem borið hafa vitni og gefið vottorð í málinu. Einnig sé fróðleik að finna um þetta efni í lýsingu þessa svæðis í Sýslu- og sóknarlýsingum, sem gefnar voru út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, og öðrum ritum, þar sem fjallað er um byggðir, landslag og örnefni á þessu svæði. Í lýsingu Oddastaða sé þess ekki getið, að Stórhólmavatn fylgi jörðinni.

Sóknaraðiljar benda sérstaklega á það, að í landamerkjabréfum sé á hálandinu þarna yfirleitt miðað við, hvernig vötnum hallar, og styðji það sjónarmið þeirra.

Af hálfu sóknaraðilja er einnig bent á það, að á opinberum uppdráttum af landinu, allt frá því landmælingar hófust á þessum slóðum árið 1908, hafi sýslu- og hreppamörk verið sýnd sunnan Stórhólmavatns allt til ársins 1968. Á uppdrætti, sem gefinn hafi verið út af Landmælingum Íslands það ár, liggja sýslu- og hreppamörk nokkru norðar, þ.e. yfir þvert Stórhólmavatn. Ekki hafi fengist fullnægjandi skýring á breytingu þessari. Því hljóti að verða byggt á sýslu- og hreppamörkum, eins og þau voru mörkuð á hinum eldri uppdráttum um sextíu ára skeið samkvæmt upplýsingum stað-

kunnugra manna. Því er og haldið fram, að með sveitarstjórnarlögum frá 10. nóvember 1905 hafi verið lögleidd sú hreppa- og sýsluskipun ásamt mörkum þessara umdæma, er talin var rétt við gildistöku laganna, hvort sem sú skipun hafi áður verið staðfærð með stjórnvaldsákvörðun eða laga-setningu.

Einnig er því haldið fram, að samkvæmt rökum þeim og á grundvelli sönnunargagna, sem fram séu komin af hálfu sóknaraðilja í málinu, verði ekki hjá því komist að líta svo á, að ákvæði landamerkjabréfs þess, sem varnaraðili byggir á, séu að litlu hafandi við úrlausn þessa máls. Komi þar einnig til notkunarhefð eigenda Borga frá ómunatíð, á landi og vatni. Beri því að taka kröfu sóknaraðilja til greina.

Krafa varnaraðilja er í fyrsta lagi byggð á efni landamerkjabréfs fyrir Oddastaði, sem undirritað er hinn 2. ágúst 1889 af réttum og lögbærum fyrrisvarsmönnum allra aðliggjandi jarða og innfært í landamerkjabók sýslunnar. Merkjapunktur þeir, sem þar koma fram og máli skipta, milli Borga og Oddastaða, Strokur, Svartabrún og Almannaþingargil, séu þekktir og geti ekki verið ágreiningur um þá. Ekki hafi verið færð rök fyrir því, að breyting hafi orðið á merkjunum síðar. Landamerkjabréf séu grundvallarheimildir í málum eins og þessu, séu þau skýr og tæmandi eins og hér sé. Því beri að leggja landamerkjabréf þetta til grundvallar við úrlausn máls þessa. Hafi ekki verið færðar sönnur að neinum atriðum, sem rýri gildi þess.

Krafa varnaraðilja er í öðru lagi byggð á því, að í sýslu- og sóknarlýsingum komi berlega fram, að Stórhólmavatn sé talið liggja sunnan hreppalínu. Þar komi einnig fram, að í sóknarlýsingu norðanfjalls fyrirfinnst ekkert stöðuvatn, sem nái Stórhólmavatni að stærð.

Þá er krafa varnaraðilja byggð á því, að hann hafi leigt út veiði í Stórhólmavatni, og sýni það, að hann hafi talið sig réttan eiganda vatnsins. Hafi hann einnig meinað sóknaraðiljum veiði í vatninu, en af því sé mál þetta risið. Meðal þeirra, sem leigðu vatnið af varnaraðilja, hafi verið menn, sem búið höfðu á Skógarströnd og því staðkunnugir þar, og styðji það sjónarmið varnaraðilja.

Einnig er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að sá háttur hafi verið hafður á við fjallskil á Rauðamelsheiði, að frá hvorum hreppi um sig hafi verið smalað að hreppamörkum, Skógstrendingar að norðurósi Stórhólmavatns, en Hnappdælir norður með vatninu báðum megin, enda hagi svo til á svæðinu, að smalanir séu ekki háðar neinum sérstökum landfræðilegum hindrunum. Hljóti þetta fyrirkomulag að renna stöðum undir það, að báðir aðiljar hafi gengið út frá því, að mörkin væru við afrennsli Stórhólmavatns til norðurs.

Sóknaraðillinn Steinþór Sæmundsson kveður núverandi eigendur Borga

hafa keypt jörðina árið 1962. Að sögn seljenda jarðarinnar, Hjálmtýs Péturssonar og Leopolds Jóhannssonar, og manna, sem búið höfðu á jörðinni, hafi land jarðarinnar náð frá sjó við Hvammsfjörð til sýslumarka á Rauðamelsheiði. Eftir því, sem best sé vitað, liggi sýslumörkin milli Hnappadalssýslu og Snæfellsnessýslu um háeggjar og vatnaskil. Samkvæmt nákvæmstu uppdráttum Landmælinga Íslands liggi sýslumörkin sunnan Stórhólmavatns. Sé vafalaust, að Stórhólmavatn liggi norðan vatnaskila, því úr næstu vötnum fyrir sunnan renni lækur í Stórhólmavatn. Leiki því ekki vafi á því, að Stórhólmavatn liggi í landi Borga og Laxárdals. Í Stórhólmavatni kveður Steinþór vera góða silungsveiði og hafi þeir sóknaraðiljar ávallt litið svo á, að þeir ættu skýlausan veiðirétt í vatninu. Hafi þeir oft farið þangað til veiða. Þá hafi þeir einnig veiðirétt fyrir öllu landi Laxárdals samkvæmt samningi við jarðeignadeild ríkisins. Er þeir sóknaraðiljar hafi frétt, að Guðmundur Halldórsson, varnaraðili máls þessa, hafði leigt Stórhólmavatn til silungsveiða, kveður Steinþór þá hafa mótmælt því og kært Guðmund fyrir það atferli.

Varnaraðilinn Guðmundur Halldórsson, sem fæddur er á Oddastöðum árið 1905, kveðst hafa átt þar heima, þar til hann fluttist að Syðri-Rauðamel árið 1934. Hann kveður Svörtubrún vera klettabelti norðanvert í Stórhólmavatnshæðum, en þær séu vestan Stórhólmavatns. Kveður hann leitarmerki í haustsmölunum hafa verið frá Strokk um Svörtubrún og báðum megin Stórhólmavatns. Kveðst hann hafa smalað þarna í áratugi frá 16 ára aldri. Hafi hann þá oft orðið var við norðanmenn og hafi þeir komið að Svörtubrún, en ekki lengra. Guðmundur kveður eggjatöku hafa verið í hólmanum í Stórhólmavatni og hafi hún eingöngu verið nytjuð frá Oddastöðum. Kveðst hann þá sjálfur hafa sundriðið út í hólmann, en stærstu menn hafi vaðið út í hann. Guðmundur kveðst telja hreppamörk Kolbeinsstaðahrepps og Skógarstrandahrepps vera á landamerkjum jarða á Rauðamelsheiði. Kveður hann landmælingamenn aldrei hafa leitað til sín um upplýsingar varðandi hreppamörk eða sýslumörk. Á árunum 1960-1970 kveðst Guðmundur hafa leigt mönnum, sem upprunnir eru á Skógarströnd, meðal annars frá Borgum og Laxárdal, veiði í Stórhólmavatni.

Fyrir dóminn hafa komið auk framangreindra aðilja Guðmundur Jónsson, bóndi og oddviti, Emmubergi, og ábúandi Laxárdals, Skógarstrandahreppi, Einar Jósefsson verkamaður, Suðurgötu 47, Keflavík, Olgeir Þorsteinsson bóndi, Hamraendum, Breiðavíkurhreppi, Haukur Sveinbjörnsson bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, Ragnar Hallsson bóndi, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, Kjartan Halldórsson bóndi og hreppstjóri, Rauðkollstöðum, Eyjarhreppi.

Hafa þeir lýst skoðunum sínum á landamerkjum Borga og Oddastaða, sýslumerkjum og hreppamerkjum og borið um fjallskil á þessu svæði.

Lögð hafa verið fram af hálfu beggja aðilja vottorð frá nokkrum mönnum um sömu atriði.

Niðurstaða.

Mál þetta reis út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Borga í Skógarstrandarhreppi og Oddastaða í Kolbeinsstaðahreppi, þar sem lönd jarðanna liggja saman á Rauðamelsheiði. Að austan liggja lönd Borga að löndum jarðarinnar Laxárdals. Lönd Laxárdals og Oddastaða liggja einnig saman á Rauðamelsheiði. Undir rekstri málsins hefur komið fram, að ekki sé samræmi milli skoðana ábúanda Laxárdals og eiganda Oddastaða um landamerki þessara jarða.

Undir rekstri málsins var lýst yfir af hálfu eiganda Laxárdals, að hann gerði ekki á þessu stigi málsins kröfu skv. 8. gr. laga nr. 41/1919, þar sem hann telji þörf frekari gagnaöflunar af sinni hálfu. Hafi eigandi Oddastaða fram að færa kröfur, sé eigandi Laxárdals reiðubúinn til viðræðna um þær á grundvelli 8. gr. laganna. Séu þær þá utan dómsmáls þessa.

Það er ágreiningslaust, að kröfur sóknaraðilja fara ekki í bága við viðhorf ábúanda og eiganda Laxárdals til landamerkja milli jarðanna. Þykir því mega reka mál þetta, án þess að fjallað verið um landamerki milli Laxárdals og Oddastaða.

Ekki hefur komið fram landamerkjabréf fyrir jörðina Borgir. Hins vegar liggur fyrir endurrit úr landamerkjabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir jörðina Oddastaði, dags. 2. ágúst 1889. Það er undirritað með hand-salaðri nafnritun Kjartans Eggertssonar, sem sagður er ábúandi Oddastaða. Fyrir Laxárdal og Borgir er landamerkjabréfið undirritað af Eiríki Gíslasyni. Landamerkjabréfið er einnig undirritað af hálfu Ölvískross og Hallkelsstaðahlíðar, sem liggja að Oddastöðum.

Landamerkjabréf þetta er svohljóðandi:

„L A N D A M E R K J A S K R Á fyrir þjóðeignina Oddastaði í Kolbeinsstaðahreppi.

1. Á milli Hraunholta og Oddastaða, er sjónhending úr Kalli og Kellingu, yfir Oddastaðavatn, vestan hallt við Miðmundavík í Grófar-mynnið og Hámúla-öxlina, og þaðan eins og vötnum hallar að Sauðastapa.

2. Á milli Hallkelsstaðahlíðar og Oddastaða, er sjónhending úr fyrr-nefndum Sauðastapa yfir Krakavatn í Háhlíðarbungu.

3. Á milli Laxárdals og Oddastaða, eru landamerkin yfir Hlíðarbungu eins og vötnum hallar, og sjónhending í Almannaborgargil, þar sem það fellur úr Stórhólmavatni.

4. Á milli Borga og Oddastaða, eru merki eptir hæstu Svörtubrún frá Stórhólmavatni, að kletti þeim er Strokkur er kallaður.

5. Á milli Ölviskross og Oddastaða eru þessi landamerki, frá Strokk eptir því, sem vötnum hallar í Krossborgum fram á Selborg, þar til að lækur rennur Álptatjörn (sic) suður af brúninni; þaðan sjónhending í vörðu austast í Háuborg, þaðan í svokallaðan Landamerkjälæk, þar sem hann kemur saman úr 2 kvíslum, sem koma úr Arnarvatni og Leirtjörn. Svo ræður lækur þessi ofan á jafnsléttu og ofan á milli Krossholta og Stekkjarholta; þá ræður sjónhending úr lækjarkróknum fyrir ofan holtin í vörðu á landamerkjastapa, sem er neðst fyrir sunnan Landamerkjahrygg. Þaðan sjónhending fyrir norðan hólmann í Oddastaðavatni, og í Kall og Kellingu, sem áður eru nefnd, og sem standa í hrauninu neðan Oddastaðavatnið.“

Af hálfu sóknaraðilja hefur gildi bréfs þessa verið mótmælt á þeim grundvelli, að Kjartan Eggertsson hafi ekki verið orðinn ábúandi Oddastaða, er landamerkjabréf þetta var gert og ekki sé komið fram, að Eiríkur hafi haft heimild til að árita bréfið af hálfu Borga og Laxárdals.

Byggingabréf Kjartans er að vísu gefið út eftir að umrætt landamerkjabréf hefur verið útbúið. Það er hins vegar alkunna, að í framkvæmd hefur það oft verið svo, að ábúandi hefur verið búinn að taka við jörðinni áður en formlegt byggingarbréf hefur verið gefið út. Er það ljóst, að þeir, sem árita umrætt landamerkjabréf með Kjartani Eggertssyni, hafa talið hann réttmætan ábúanda Oddastaða á þeim tíma.

Eiríkur Gíslason varð sóknarprestur á Breiðabólstað árið 1884 og gegndi þar prestþjónustu til 1890. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að jörðin Laxárdalur hafi á þeim tíma verið kirkjujörð, sem lá innan Breiðabólstaðarsóknar. Ósannað er í málinu, að Eiríkur hafi ekki haft heimild til þess að undirrita landamerkjabréfið sem umráðamaður Laxárdals þann tíma, sem hann hélt prestsembættið á Breiðabólstað.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður umrætt landamerkjabréf fyrir Oddastaði lagt til grundvallar í málinu. Er í því efni einnig á það að líta, að sóknaraðiljar virðast einnig byggja á efni bréfsins, er þeir miða kröfulínu sína við punkt þann, sem þeir telja vera „hæstu Svörtubrún“. Þykja rök, málsástæður og sönnunargögn, sem fram hafa komið af hálfu sóknaraðilja, ekki hnekkja gildi bréfsins. Verður það því lagt til grundvallar í málinu.

Samkvæmt 4. lið landamerkjabréfsins eru merkin milli Oddastaða og Borga eftir „hæstu Svörtubrún frá Stórhólmavatni, að kletti þeim er Strokkur er kallaður“. Ekki segir, hvar lína liggur úr Stórhólmavatni. Merkjapunkturinn Strokkur er ágreiningslaus, og ágreiningslaust er, að á milli Strokks og Stórhólmavatns séu Stórhólmavatnshæðir og í þeim sé að finna örnefnið Svörtubrún eða Svörtubrúnir.

Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað landið á þessu svæði.

Ekki hefur ótvírætt verið leitt í ljós, hvar sá staður er eða það svæði á Stórhólmavatnshæðum, sem kallað er Svartabrún eða Svörtubrúnir. Er það álit dómsins, að helst komi til álita, að örnefni þetta geti átt við klettabelti, eitt eða fleiri, á norðurhluta Stórhólmavatnshæða. Það er nokkuð augljóst, að „hæsta Svartabrún“ hefur verið staðsett eftir álitinu kunnugra manna á þessu landssvæði.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verða hin umdeildu landamerki milli Borga og Oddastaða ákveðin bein lína úr Strokki, punktur A, í punkt A¹ og þaðan bein lína í punkt F¹ í upptökum Almannaþingargils. Eru landamerki þessi dregin á uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings á dskj. nr. 40.

Ósannað er, að sóknaraðiljar og fyrri eigendur Borga hafi haft nokkur umráð eða afnot landssvæðis þess milli merkjalínu þessarar og kröfulínu sóknaraðilja, sem styðji málsástæðu þeirra, sem byggð er á afnotahefð á því landi eða Stórhólmavatni.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðiljum gert að greiða varnaraðilja óskipt kr. 40.000,00 í málskostnað.

Málskostnaður milli sóknaraðilja og landbúnaðarráðherra f.h. jarðeignadeildar ríkisins verður ekki dæmdur.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon fulltrúi ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Erlendi Halldórssyni oddvita.

D ó m s o r ð:

Landamerki milli jarðanna Borga í Skógarstrandarhreppi og Oddastaða í Kolbeinsstaðahreppi skulu ráðast af beinni línu úr Strokki, punktur A, í punkt A¹ og þaðan af beinni línu í punkt F¹ í upptökum Almannaþingargils, svo sem línur þessar eru dregnar á uppdrættinum á dskj. nr. 40.

Sóknaraðiljar, Steinþór Sæmundsson, Ingibjörg Hafberg, Jón L. Guðnason, Barði Friðriksson, Gunnlaug Hannesdóttir, Jóhannes Leifsson, Bjarni Gunnarsson, Kristján Gunnarsson, Salome Gunnarsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Haraldur Gunnarsson og Hafsteinn Gunnarsson, greiði varnaraðilja, Guðmundi Halldórssyni, einskipt kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður milli sóknaraðilja og landbúnaðarráðherra f.h. jarðeignadeildar ríkisins fellur niður.